



Skýrsla um verkefnið *Jafningjaráðgjöf og jafningjastuðningur við skrifleg námskeiðsverkefni* sem styrkt var af kennslumálanefnd árið 2013

Baldur Sigurðsson tók saman, janúar 2015

Leiðrétt og lagfært 13. febrúar 2015

Inngangur

Ritver Menntavísindasviðs hlaut styrk frá kennslumálanefnd að fjárhæð 750 þúsund í apríl 2013 til að vinna að því að efla jafningjaráðgjöf og jafningjastuðning við skrifleg verkefni á Menntavísindasviði.

Þrjár fjórðu hlutar styrksins (562.500 kr.) voru greiddir strax en skýrslu hefur ekki verið skilað formlega fyrir en nú, og er því fjórðungur styrkfjárhæðarinnar enn ógreiddur.

Verkefnið var unnið til enda fyrir allt styrkféð haustið 2013. Þessi dráttur á skilum skýrslunnar verður að skrifast á undirritaðan. Vonandi verður þessi skýrsla nú til þess að styrkurinn verði að fullu greiddur og unnt verði að styrkja þetta verkefni áfram.

Ávinningur í hnotskurn

Árangur

Styrkurinn frá kennslumálanefnd 2013 gerði ritverinu kleift að kynna starfsemi sína langflestum kennurum sviðsins og varð til þess að um 16 þeirra gengu til formlegs samstarfs. Nokkur fjöldi kennara, sem þátt tók í verkefninu, hefur lært að notfæra sér aðstoð ritvers og vísar stúdentum nú í meira mæli en áður á ritverið við gerð viðamikilla skriflegra námskeiðsverkefna. Í tengslum við samstarf við ritverið hafa nokkrir kennarar endurskoðað verkefnislýsingar sínar, skýrt matsviðmið og tekið upp gátlista eða atriðamat til þess að námsmat sé gagnsærra og skilvirkara.

Kennarar sem fá styrk úr aðstoðarmannasjóði fá starfsmenn ritvers til að vinna fyrir sig við yfirferð og endurgjöf verkefna. Þessir starfsmenn eru sérmenntaðir og þjálfaðir til þeirra verka svo kennarar fá miklu skilvirkari vinnu og meiri árangur en ef leitað er til annarra stúdenta. Fé úr aðstoðarmannasjóði nýtist því mun betur en áður.

Afleiðingar

Árangur verkefnisins hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag ritversins. Eftirspurn eftir stuðningi ritvers, yfirferð verkefna, endurgjöf og vinnustofum, hefur stóraukist. Fyrir styrk kennslumálanefndar var unnt að veita stúdentum miklu meiri, markvissari og betri stuðning og endurgjöf við verkefni en áður hafði þekkt og unnt hefur verið síðan. Ef ritverið ætti að geta svarað þeim kröfum sem við stöndum nú frammi fyrir þyrfti að tvöfalda bæði fjölda starfsmanna og fjárframlag til rekstrar.

Markmið

Markmið verkefnisins var að koma betur til móts við kennara sem vilja leggja umtalsverð skrifleg verkefni fyrir stúdenta, en hafa ekki haft tök á að veita nægilega vandaða og ítarlega leiðsögn og endurgjöf og þeir hefðu kosið. Þar getur markviss jafningjaráðgjöf komið í staðinn og verið mjög áhrifamikil og gagnleg. Starfsmenn ritvers eru sérmenntaðir og þjálfaðir í að veita slíka ráðgjöf.

Stuðningur frá ritveri við kennara og stúdenta, og markviss jafningjaráðgjöf við verkefnavinnu eru algert nýmæli í íslensku skólakerfi. Hvorki kennarar né stúdentar vita því með vissu á hverju þeir eiga von. Fyrir hendi er ákveðnin tortryggni af beggja hálfu, sem almennt er þekkt í háskólaumhverfi (Jones, Turner og Street, 1999; Kruse, 2003; Rienecker og Jørgensen, 2003). Hefðbundin samskipti um gerð skriflegra verkefna í skólakerfi okkar hafa til þessa verið trúnaðarmál milli kennara og stúdents. Til þess að fá kennara og stúdenta til að leita með verkefnavinnu út fyrir þann ramma þarf töluvert átak. Þriðji aðili, í þessu tilviki ritverið, þarf að ávinna sér traust, bæði kennara og stúdenta, og hafa eitthvað að bjóða sem báðir aðilar sjá sér hag í að þiggja.

Styrkur kennslumálanefndar gerði ritverinu kleift að gera kennurum slíkt boð. Boð ritvers fól í sér að veita stúdentum þá endurgjöf sem kennarar vildu án þess að íþyngja kennurum með vinnu, og jafnvel léttu ákveðnu álagi af þeim. Ritverið gat auk þess lofað að kennarar fengju betri verkefni en ella, og stúdentar hærri einkunnir, og þetta gátu nokkrir kennarar á sviðinu staðfest að fenginni reynslu.

Framkvæmd

Kynning

Verkefnið var kynnt á deildarfundum allra þriggja deilda á Menntavísindasviði vorið 2013. Grunnþjónusta ritvers er að veita stúdentum einstaklingsviðtöl um verkefni sín, eða viðtöl í litlum hópum, hálf tíma eða klukkutíma í senn. Endurgjöf er alltaf veitt munnlega á viðtalsfundi og verkefnið rætt um leið. Umgjörð vðtalsfunda, undirbúningur, aðdragandi eða eftirfylgja getur hins vegar verið mismunandi. Kynnt voru fjögur líkön að samstarfi

1. Hvatning án skyldu
2. Samstarf án yfirlestrar
3. Samstarf með yfirlestri
4. Samstarf með umræðu

Þessum fjórum líkönum er hér lýst nánar og þau borin saman í töflu.

1. Hvatning án skyldu

Kennari leggur verkefnið tímanlega fyrir og hvetur í verkefnislýsingu til að stúdentar leiti til ritvers einu sinni eða oft. Einn skilgreindur skiladagur. Ritverið heldur stutta kynningu á aðstoð sinni og býður stúdentum að sækja venjulega viðtalsfundi.

2. Samstarf án yfirlestrar

Kennari leggur verkefnið tímanlega fyrir og gerir ráð fyrir í verkefnislýsingu að stúdentar leiti til ritvers einu sinni eða oft. Einn skilgreindur skiladagur. Ritverið undirbýr gátlista eða matsblað í samvinnu við kennara og auglýsir sérstaka viðtalsfundi fyrir stúdenta þar sem unnið er samkvæmt gátlista.

Kennari getur óskað eftir að fá gátlista með verkefni (sér hvað hefur verið rætt) þegar því er skilað og getur umbunað í einkunn fyrir að hafa leitað til ritvers.

3. Samstarf með yfirlestri

Kennari leggur verkefnið tímanlega fyrir og skyldar stúdenta í verkefnislýsingu til að leita til ritvers einu sinni eða oft. Tveir skilgreindir skiladagar, sá fyrri til ritvers. Ritverið undirbýr gátlista eða matsblað í samvinnu við kennara og auglýsir sérstaka viðtalsfundi fyrir stúdenta þar sem unnið er samkvæmt gátlista. Stúdentar geta sent verkefnið inn til yfirlestrar fyrir viðtalsfundinn og fengið yfirvegaða endurgjöf. Kennari getur óskað eftir að fá gátlista með verkefninu (sér hvað ráðgjafi hefur gert athugasemdir við) þegar því er skilað og getur umbunað í einkunn fyrir að hafa leitað til ritvers.

4. Samstarf með umræðu

Kennari leggur verkefnið tímanlega fyrir og skyldar stúdenta í verkefnislýsingu til að leita til ritvers einu sinni eða oft. Einn eða tveir skilgreindir skiladagar, sá fyrri til ritvers. Kennari skipuleggur umræðutíma eða vinnustofur um verkefnið einu sinni eða tvisvar í ritunarferlinu í samráði við ritverið, þar sem unnið er í litlum hópum með verkefni hvers og eins. Ritverið undirbýr gátlista eða matsblað í samvinnu við kennara og auglýsir sérstaka viðtalsfundi fyrir stúdenta þar sem unnið er samkvæmt gátlista. Ákveðið er í samráði við kennara hvort stúdentar megi senda verkefni inn fyrir viðtalsfund (því fylgir aukinn kostnaður). Kennari getur óskað eftir að fá gátlista með verkefninu þegar því er skilað og getur umbunað í einkunn fyrir að hafa leitað til ritvers.

Samanburður líkana

Þau samstarfslíkön sem kynnt voru kennurum eru borin saman í töflu 1 hér að neðan. Af þeim fjórum möguleikum sem í boði voru gekk *Samstarf með umræðu* lengst, kallaði á nánast samstarf við kennara og þar fléttaðist framlag ritvers best við aðra kennslu á viðkomandi námskeiði. Þótt þessir fjórir kostir hafi verið kynntir varð fyrirkomulag hverju sinni jafnan samkomulagsatriði við kennara.

Á venjulegum viðtalsfundi ræður höfundur ferðinni. Hann ber upp spurningar sem hann vill fá svör við og lýsir vanda sem við er að etja. Ef gert er ráð fyrir yfirlestri fyrir fundinn færist stjórn viðtalsins yfir á ráðgjafann, sem þá er búinn að ákveða að taka ákveðin atriði til umræðu. Þetta krefst mun meiri vinnu ráðgjafans og kallar þar með á aukinn kostnað. Vandaður yfirlestur og skrifleg endurgjöf getur tekið allt að klukkutíma, jafnvel þótt verkefnið sé ekki nema tvær til þrjár blaðsíður – og þá er eftir að hitta höfundinn og ræða við hann. Ef reiknað er með að öll verkefni séu lesin yfir hleypir það kostnaði töluvert upp, en skilar sér yfirleitt í mun betra verkefni.

Tafla 1. Samanburður samstarfslíkana.

Einkenni	Tegund samstarfs:	Hvatning án skyldu	Samstarf án yfirlestrar	Samstarf með yfirlestri	Samstarf með umræðu
Skiladagar		Einn	Einn	Tveir	Einn eða tveir
Vinnustofur á ritunartíma		Nei	Nei	Nei	Já
Sérstakir viðtalsfundir		Nei	Val	Já	Já
Yfirlestur verkefna fyrir fund		Nei	Nei	Já	Val
Gátlisti / matsblað		Nei	Já	Já	Já
Verkefni skilað með gátlista		Nei	Val	Val	Val

Samstarf við kennara

Verkefnið fór af stað haustið 2013. Alls sextán kennarar óskuðu eftir formlegu samstarfi sem skiptist svo:

- Hvatning án skyldu eða samstarf án yfirlstrar: 8
- Samstarf með yfirlstri: 3
- Samstarf með umræðu:¹ 6
- Stutt erindi eða fræðsla um fræðileg skrif: 4
- Skylda að fara á viðtalsfund: 5

Námskeiðin voru á öllum stigum náms og dreifðust svo:

- Fyrsta námsár í grunnnámi 7
- Síðar í grunnnámi 2
- Meistarastig 6
- Doktorsstig 1

Skiladagar verkefna dreifðust allt frá byrjun október og fram í prófatíma svo vinnuálag á starfsmenn ritvers var tiltölulega jafnt og þétt allt misserið.

Ritunarkennsla

Ritverið hefur á undanförunum árum átt náið samstarf við þá kennara sem sjá um námskeið á fyrsta misseri um fræðileg vinnubrögð við skrif, þær Ingibjörgu Frímansdóttur og Lilju Össurardóttur. Það hefur orðið æ nánara og frá hausti 2012 hafa starfsmenn ritvers í auknum mæli tekið að sér umræðustjórn í minni hópum eða vinnustofur um ákveðin skrifleg verkefni. Haustið 2013 tóku starfsmenn að sér fáeinar kennslustundir á þessum námskeiðum um meðferð heimilda, bæði um hvernig heppilegt er að nálgast efni heimilda og fjalla um það í texta, og um hina formlegu skráningu, frágang heimildaskrár og tilvísana.

Þessi námsþáttur hefur í framhaldinu verið þróaður af starfsmönnum ritvers og er nú í boði sem skilgreindur námsþáttur, fyrirlestur með eða án umræðu eða vinnustofu, fyrir þá kennara sem þess óska. Þessi aðferð hefur verið kölluð *Viska þeirra – við horf mitt* (e. *They say / I say*) og byggist á bók Graff, Birkenstein og Durst, (2012).

Samstarfið við kennara tókst undantekningalaust vel. Hins vegar var mjög misjafnt hvernig til tókst með að fá stúdenta til að panta viðtalsfund í ritverinu. Í þeim námskeiðum þar sem kennarar gerðu ritversheimsókn að skyldu, eða umbunuðu stúdentum sérstaklega með einkunn, skiluðu stúdentar sér nánast allir (80% eða meira). Þar sem ritversheimsókn var ekki skylda pantaði um fimmtungur stúdenta viðtalsfund í ritveri. Á einu námskeiði á meistarastigi, sem aðallega var sótt af fullorðnum starfandi kennurum, varð þátttakendum um og ó þegar þeir áttuðu sig á að gerðar voru kröfur um fræðilega framsetningu í verkefninu og þeir virtust óttast að sýna einhverjum öðrum en kennara skrif

¹ Þar af gerðu þrír kennarar ráð fyrir að verkefni væri skilað til yfirlstrar.

sín. Kynning á stuðningi ritvers á því námskeiði skilaði sér í að þrír (af um 20) komu með verkefnið á viðtalsfund.

Sérstaklega tókst vel að ná til iðnmeistara í kennsluréttindanámi. Þessi hópur er ekki vanur bóklegu námi eða skrifum og fyrir þeim er mjög framandi að þurfa að fylgja þeim ströngu reglum sem hér tíðkast um framsetningu og notkun heimilda. Samstarf við kennara þeirra skilaði sér mjög vel. Stór hluti hópsins áttaði sig á hvað ritverið gat gert fyrir þá og kom aftur og aftur. Hann hefur haldið áfram að koma í ritverið síðan. Þetta fólk hefur smám saman lært að skrifa á fræðilegan hátt um viðfangsefni sitt og ummæli þess eru gjarnan í þessum stíl: „Mér hefði aldrei dottið í hug að ég gæti fengið svona góða einkunn fyrir ritgerð.“ „Ég hef aldrei fengið jafn háar einkunnir í skóla og eftir að ég kynntist ritverinu.“

Kostnaður

Þeir kennarar sem fengið höfðu aðstoðarmannsstyrk (um 100 þús. kr. á hvert námskeið) ákváðu sumir að leggja styrkinn í þetta verkefni og gekk þá sá styrkur til ritversins. Ekki var horft í hvort styrkurinn hrykki fyrir umsaminni aðstoð, ritverið greiddi af eigin styrkfé það sem á vantaði. Stúdentar fengu í öllum tilvikum meiri stuðning en sem nam styrknum. Lauslegir útreikningar á þeim stuðningi sem veittur var, sýnir að kostnaður við hvert námskeið gat numið allt að 200 þúsund krónum, allt eftir því hve verkefnin voru mörg og eftir því hvort reiknað var með yfirlestri eða ekki. Sem sagt, framlag ritvers gat numið allt að jafn hárrí fjárhæð og styrkur aðstoðarmannasjóðs. Aðrir kennarar höfðu ekki slíkan styrk fram að leggja og var þá allur stuðningur greiddur af styrkfé ritvers. Þau námskeið gátu ekki farið fram á jafn mikla þjónustu og þar munaði mestu um yfirlestur, að starfsmenn þyrftu ekki að lesa verk stúdenta yfir fyrir viðtalsfund. Sömuleiðis reyndum við að finna ódýrari lausnir, til dæmis með því að skipuleggja vinnustofur fyrir hópa í stað þess að bjóða einstaklingsviðtöl.

Ávinningur

Árangur

Styrkurinn frá kennslumálanefnd 2013 hafði mikil áhrif. Hann gerði ritverinu kleift að kynna starfsemi sína langflestum kennurum sviðsins og varð til þess að um 16 þeirra gengu til formlegs samstarfs. Fjárhagsstuðningur kennslumálanefndar varð til þess að ritverið gat gert kennurum tilboð sem þeir gátu ekki hafnað og braut þar með þann ís – eða múr – sem þarf að brjóta til að kennarar og stúdentar læri að notfæra sér jafningjaráðgjöf til að auka og bæta endurgjöf við fræðilegum skrifum.

Fyrir styrk kennslumálanefndar var unnt að veita stúdentum miklu meiri, markvissari og betri stuðning og endurgjöf við verkefnin en venjulega fæst fyrir styrk úr aðstoðarmannasjóði. Samstarf við ritverið tryggði að fengnir voru til aðstoðar stúdentar í framhaldsnámi sem hafa fengið sérhæfða fræðslu og þjálfun í að leiðbeina um fræðileg skrif. Það skilaði líka árangri.

Við sáum strax á vormisseri 2014 að nokkur fjöldi kennara, sem þátt tók í verkefninu, hefur lært að notfæra sér aðstoð ritvers og vísar stúdentum nú í meira mæli en áður á ritverið þegar viðamikil skrifleg námskeiðsverkefni eru í smíðum. Kennarar leita núna beint til ritvers um aðstoðarkennara fyrir styrki úr aðstoðarmannasjóði. Starfsmenn ritvers eru fengnir til að stýra umræðum eða hópastarfi, sjá um verkefna- eða dæmatíma, leiðbeina um skrifleg verkefni, munnlega eða skriflega,

eða meta þau til einkunnar. Þessi reynsla hefur opnað leið fyrir starfsmenn ritvers að öðrum störfum innan sviðs, bæði við útgáfu og kennslu.

Í tengslum við samstarf við ritverið hafa nokkrir kennarar endurskoðað verkefnislýsingar sínar, skýrt matsviðmið og tekið upp gátlista eða atriðamat til þess að námsmat sé gagnsærra og skilvirkara.

Styrkir úr aðstoðarmannasjóði nýtast nú mun betur en áður því starfsmenn ritvers geta tekið til starfa með stuttum fyrirvara, þeir þekkja hlutverk sitt og eru skilvirkir í vinnubrögðum.

Afleiðingar

Segja má að árangur verkefnisins hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag ritversins.

Eftir að styrktímabilinu lauk, vorið 2014, héldu kennarar áfram að leita til ritversins og biðja um þann sama stuðning og þeir höfðu kynnst þá um haustið, og þeim fór fjölgandi. Ritverið varð þá að draga saman seglin og tjá kennurum að því miður stæði ekki sami stuðningur til boða og áður. Athyglisvert var að nú fórum við í ritverinu líka að heyra að fólk *gerði kröfur*.

Framlög Menntavísindasviðs hafa ekki getað fylgt þeirri þróun vegna fækkunar stúdenta og niðurskurðar á sviðinu. Algengur styrkur úr aðstoðarmannasjóði (100 þús. kr.) hrekkur ekki nema fyrir um það bil helmingi eða tveimur þriðju þess kostnaðar sem fylgir því að veita lágmarks endurgjöf eða leiðsögn við skriflegt verkefni hjá 60 til 80 stúdentum og því fellur alltaf töluverður kostnaður á ritverið. Þau námskeið sem fá styrk eru yfirleitt frekar fjölmenn. Fámenn námskeið, sem ekki fá styrk, sækjast líka eftir þessum stuðningi og í því tilviki fellur allur kostnaður á ritverið.

Við höfum leitað ódýrari leiða, fengið kennara til að greiða aðstoðarmönnum frá ritveri fyrir málstofur af kennslukvóta námskeiðs og með öðrum hætti reynt að velta kostnaði af ritverinu á kennara, sem þar með klípa af eigin launum. Þetta hefur gengið misjafnlega. Verst er þó að hafa þurft að vísa kennurum frá vegna fjárskorts.

Framhald og horfur

Ritver Menntavísindasviðs þjónar ekki einungis stúdentum á sviðinu, heldur Háskóla Íslands öllum og jafnvel öðrum háskólum. Á árinu 2013 voru skráðar 24 komur á viðtalsfundi af öðrum sviðum, stúdenta sem leita til ritvers um aðstoð með lokaverkefni eða viðamikil námskeiðsverkefni, og þeim fer fjölgandi. Búast má við að einhverjar heimsóknir og minni erindi hafi ekki verið skráð utan sviðs. Við vitum af umsögnum kennara og stúdenta af öðrum sviðum að vefurinn okkar er mikið notaður, og við sjáum það líka af heimsóknartölum að svo muni vera. Eftir því sem orðspor ritvers Mvs fer víðar aukast kröfurnar, fleiri koma og biðja um stuðning og starfsemin tútnar út. Við stöndum núna frammi fyrir tveimur áskorunum:

1. að viðhalda þeim stuðningi sem þegar er komin reynsla á, svara kalli fleiri kennara innan sviðs og á öðrum sviðum, og að sannfæra fleiri kennara um að samvinna við ritver skili bæði þeim og stúdentum betri árangri,
2. að bjóða fjölbættari stuðning, annars vegar í aðferðafræði, hins vegar við fræðileg skrif á ensku.

Stuðningur við fleiri kennara og svið

Við höfum einkum horft til Félagsvísindasviðs og Hugvísindasviðs sem „hinna skrifandi sviða“, þ.e. þeirra sviða sem gera ráð fyrir fjölbreyttum tegundum ritsmíða í náminu, og við höfum fundið áhuga

Þessara sviða á samstarfi. Samstarf hefur verið við Hugvísindasvið og núna er í bígerð samstarf við Félagsvísindasvið. Ritverkið tók haustið 2014 þátt í kennslu og ritþjálfun stúdenta á Heilbrigðisvísindasviði.

Menntavísindasvið hefur byggt upp kjarnastarfsemi sem háskólasamfélagið allt nýtur góðs af. Sviðið getur ekki til lengdar staðið undir því að halda uppi starfsemi sem þessari án sérstaks stuðnings frá kennslumálanefnd eða miðlægri stjórnslu Háskóla Íslands.

Stuðningur á fleiri sviðum

Þegar stúdentar vinna lokaverkefni sín hnjóta þeir um aðferðafræðileg vandamál sem ekki er fjallað um á námskeiðum og leiðsögukennari þeirra er ekki alltaf sérfróður um viðkomandi aðferðafræði. Ritverkið hefur stundum getað auglýst sérstaka viðtalstíma aðferðafræðinga, sem hafa verið vel þegnir, og þann stuðning þarf að auka.

Eftir því sem framhaldsnámi og stúdentaskiptum vex fiskur um hrygg eykst þörf fyrir ritunaraðstoð á ensku. Til okkar hafa leitað stúdentar af öðrum sviðum og farið fram á umtalsverða aðstoð við skrif. Við höfum hingað til reynt að liðsinna stúdentum með annað móðurmál en íslensku við að skrifa, bæði á ensku og íslensku, án þess að hafa til þess sérmerktu fjárveitingu eða sérhæfða starfsmenn. Ritver Mvs hefur í vetur (2014-2015) getað boðið stúdentum á alþjóðabraut í menntunarfræðum ritunaraðstoð enskumælandi starfsmanns fyrir styrk úr aðstoðarmannasjóði, en þegar þeim styrk sleppir er sá stuðningur í uppnámi.

Lokaorð

Ritver Menntavísindasviðs er þakklátt kennslumálanefnd fyrir þann styrk sem veittur var 2013. Hann hefur haft gríðarleg áhrif og komið starfsemi ritvers á þvilka fleygiferð að við hefðum þurft að tvöfalda fjölda starfsmanna og fjárveitingu til að geta sinnt öllum þeim óskum um stuðning sem sprottið hafa upp í kjölfarið. Núna er ekki aðeins beðið um stuðning, heldur eru bæði kennarar og nemendur farnir að gera kröfu um stuðning. Það er nýtt.

Heimildir

Graff, G., Birkenstein, C. og Durst, R. (2012). *"They say / I say". The moves that matter in academic writing* (2. útgáfa). New York: W. W. Norton.

Jones, C., Turner, J. og Street, B. (ritstj.). (1999). *Students writing in the university: cultural and epistemological issues*. Amsterdam: John Benjamins

Kruse, O. (2003). Getting started: Academic writing in the first year of a university education. Í G. Rijlaarsdam, L. Björk, G. Bräuer, L. Rienecker og P. S. Jörgensen (ritstj.), *Teaching academic writing in European higher education*. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.

Rienecker, L. og Jörgensen, P. S. (2003). The (im)possibilities in teaching university writing in the anglo-american tradition when dealing with continental student writers. Í L. Björk, G. Bräuer, L. Rienecker og P. S. Jörgensen (ritstj.), *Teaching academic writing in European higher education*. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.